

Reglur um nemaleyfi í snyrtifræði

Til að snyrtistofa geti fengið nemaleyfi þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Stofan þarf að hafa fastráðinn meistara í snyrtifræði í fullu starfi. Viðkomandi meistari skal að hafa leyst til sín meistarabréf í iðngreininni. Umsókninni fylgi afrit/ljósrit af meistarabréfi. Meistari þarf að geta sýnt fram á það með opinberum gögnum, t.d. lífeyrissjóðsyfirliti að hann sé í 100% stöðu. Miðað er við að meistari hafi laun í samræmi við reiknað endurgjald skv. reglum ríkisskattstjóra. Sjá: <https://www.rsk.is/atvinnurekstur/stadgreidsla-og-reiknad-endurgjald/reiknad-endurgjald/2016#tab2> – Flokkur D(2)(9)
1. Umsókn um nemaleyfi skal fylgja staðfesting á lífeyrissjóðsgreiðslum fyrir þá **snyrtifræðinga sem starfa á snyrtistofunni, fyrir síðastliðna þrjá mánuði.**
2. Stofan hafi starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti skv. lögum nr. 7/1998, 4. gr. um hollustuhætti og mengunarvarnir.
3. Stofan hafi starfsleyfi frá Vinnueftirliti ríkisins samkv. lögum nr. 46/1980, 13.kafla gr. 90 - 97 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
4. Til þess að snyrtistofa geti fengið leyfi til nematöku, þarf eftirfarandi þjónusta að vera til staðar: Andlitsmeðferð með og án rafrænna tækja og með andlitsgufu, fótisnyrting, förðun, handsnyrting, húðhreinsun, litun og pökkun, líkamsnudd og fjarlæging á óæskilegum hárvexti. Eitt eða fleiri af eftirtöldum tækjum skulu vera á stofunni: Jónatæki, hátíðnitæki, hljóðbylgjur eða örstraumstæki. Sé tilgreind þjónusta ekki veitt verður stofan að sjá um að veita nemanum þá starfsþjálfun sem upp á vantar.
5. Á hverjum vinnustað má mest vera einn nemi á móti hverjum iðnaðarmanni í 100% stöðu í iðngreininni. Skipti tveir iðnaðarmenn eða fleiri með sér 100% stöðu þá veitir það einnig heimild til að taka nema að því gefnu að einhver þeirra sé ávallt til staðar. Ef tvær eða fleiri stofur eru reknar á sömu kennitölu skulu nemi og meistari alltaf vinna á sama stað.
6. Nemi skal vera í fullu starfi, 100% starfshlutfalli. Vinnustaðanám nema í snyrtifræði eru 40 fullar vinnuvikur.
7. Tilkynna skal starfsmannabreytingar til IÐUNNAR - fræðsluseturs með fyrirvara.
8. Nemaleyfisnefnd er heimilt að heimsækja stofur sem sækja um nemaleyfi til athugunar á aðbúnaði og aðstöðu áður en leyfi er veitt. Einnig er nemaleyfisnefnd heimilt að fara í reglubundið eftirlit á stofur sem hafa nemaleyfi samkvæmt 3. gr. erindisbréfs menntamálaráðherra um störf nemaleyfisnefnda.
9. Óheimilt er að taka nema áður en nemaleyfi er gefið út, **tími sem unnin er á stofu áður en nemaleyfi er gefið út telst ekki til vinnustaðanáms.** Samning á að gera innan mánaðar frá því að neminn hefur störf.
10. Nemi má aldrei vera einn á vinnustað.

Nemaleyfi gildir í 5 ár. Brot á reglum þessum getur varðað sviptingu leyfisins.

Nemaleyfisnefnd í snyrtifræði – nóvember 2016